

Nd.

611. Breytingartillögur

[166. mál]

við frv. til 1. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 11. gr. Í stað orðsins „háskóla“ í 1. mgr. komi: Háskóla Íslands.
2. Við 13. gr.
 - a. Annar málsliður 1. málgr. orðist svo:
Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a.:
 - b. Í stað orðsins „Yfirkennari“ í lið A. 1 komi: Aðstoðarskólastjóri.
 - c. Í stað liðar A. 3 komi tveir liðir:
 3. Deildarstjórar, er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
 4. Yfirkennarar, sem gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
3. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólanna, er lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna. Þeir, sem lengri hafa eðlilegan náms-tíma, ganga fyrir, ef umsóknir eru sambærilegar að öðru leyti.

Kennarar skulu hafa lokið prófi í uppeldis- og kennslufræðum.

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna.

Undanþágu frá þessum ákvæðum má veita, er sérstaklega stendur á. Þess skal vandlega gætt, að hver skóli hafi á að skipa nægilegum fjölda kennara með fyllstu menntun til að stjórna kennslu í hverri grein.

Setja má í reglugerð ákvæði um frekari kröfur til kennara í einstökum greinum.